

Akureyrarbær
Íþrótt- og tómstundaráð
Kristinn H. Svanbergsson, deildarstjóri íþrótt- og tómstundadeildar,
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 11. ágúst 2003

Efni: Umsókn til Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar (ÍTA) um akstursíþróttasvæði í Þórsnesi eða annars staðar að mati bæjarins.

KKA er akstursíþróttafélag vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri. Félagið var stofnað 1995 og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Mótorsportsambandi Íslands (MSÍ), sem er meðlimur í alþjóða vélhjólambandinu FIM (*Fédération Internationale de Motocyclisme*).

KKA hefur haldið fjölda móta frá því 1995 m.a. Íslandsmót í ýmsum greinum akstursíþrotta eins og t.d. í m otorcrossi, endurormótorhjólakstri, goKartbílakstri og vélsleðakstri. Allt keppnishald hefur gengið hnökralaust.

Markmið KKA er að vinna að útbreiðslu og eflingu vélhjólaiþróttar og skapa meðlimum þess aðstöðu til að stunda íþrótt sína á ákveðnum lokuðum svæðum, viðurkenndum af yfirvöldum, þar sem hægt er að standa fyrir námskeiðum, fræðslu, æfingum og keppnum. Félagsmenn eiga að gefa utanfélagsmönnum gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.

Mikil fjölgun hefur verið á torfæruhjóllum á Akureyri, margir hafa gengið í félagið en ekki allir. KKA vill hins vegar ná til þeirra allra og myndi gera það ef félagið hefði betri aðstöðu til þess.

Þörf er á svæði fyrir félagsmenn þar sem þeir geta stundað íþrótt sína. Slíkt svæði yrði nýtt allan ársins hring þar sem að vélhjólamaenn myndu nýta það á sumrin og vélsleðamaenn á veturna. Á svæðinu má ekki vera mikið stórgrýti. Hentugt jarðefni er mold og/eða sandur. Ákjósanlegt er að svæðið sé ekki mjög nálægt byggð en þó ekki fjarri bænum. Í landi Þórsness norðan við Krossanes á bærinn land sem myndi henta vel hvað þetta áhrærir. Komið hefur til tals svæðið þar sem nú eru malargrúsir við Glerá. Þórsnes er þó mun hentugra að mörgu leyti, t.d. er jarðefni betra í Þórsnesi, hljóðeinangrun er betri, staðsetning er líka betri hvað varðar hestaíþróttina. Malargrúsirnar eru mitt á milli tveggja hesthúsaferfa og liggja reiðstígar þar ekki fjarri og þó þessar íþróttir geti farið saman þá er ekki úr vegi að skilja þær að ef kostur er.

Allra best væri að KKA fengi framtíðarsvæði undir starfssemi sína en til vara er sótt um land og leyfi til bráðabirgða fyrir akstursbraut.

Reykjavíkurborg hefur gert samning við Vélhjólaiþróttaklúbbinn (VÍK) um afnot til ársins 2020 á 15 hektara landi í Álfsnesi. Þar er verið að setja upp fullkomna aðstöðu fyrir æfingar og keppni í motocrossi. Sú braut er gerð eftir stöðlum FIM og fékk félagið Martin Dygd sænskan sérfræðing til að hjálpa til við að öllum stöðlum FIM væri framfylgt. Í Álfsnesi verður barnabraut, unglingsbraut

og keppnisbraut skv. alþjóðlegum stöðlum. Á svæðinu verður einnig hús eða skúr sem verður notað sem stjórnstöð, veitingasala og salerni.

Martin Dygd heimsótti KKA fyrir skömmu og var ráðgefandi. KKA getur nýtt sér reynslu VÍK varðandi gerð brautarinnar.

Framkvæmdir í Þórsnesi þyrfti í sjálfu sér ekki að vera viðamiklar en motorcrossbraut og barnabraut myndu gera mikið til að mæta þörfum félagsmanna. Girða svæðið og rafmagn og lýsing kæmu sér vel sérlega upp á notkun á veturna. Bæta þyrfti aðkomuna eitthvað að svæðinu og jafnvel búa til svæði þar sem hægt er að leggja bílum fyrir áhorfendur. Svæðið sem um ræðir er gamalt tún, sem nú er í órækt. Það þyrfti að búa til braut í það en ef síðar þyrfti að breyta um notkun væri ekkert mál að slétta landið aftur og það yrði betra en nýtt.

Á svæðinu yrðu notuð vélhjól sem eru með 50 til 500 rúmsentimetra vélar og eru því frekar litlar og mengum af þeim hverfandi. Hjólin eru keyrð á svæðið á kerrum eða á pallbílum.

Í KKA fer fram mikið starf fyrir unglunga og hefur það sama forvarnargildi og annað unglungastarf í íþróttafélögum. Með betri aðstöðu má búast við enn fleiri unglungum í félagið og hefur það mikið gildi. Yngri meðlimirnir (alveg niður í 10 ára) hafa mjög fá tækifæri til að nota hjól sín, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 257/2000. Það myndi breytast með tilkomu svæðis KKA.

Með von um góðar undirtektir og hægt verði að verða við þessum óskum. Frekari upplýsingar veitir undirritaður og er að sjálfsgöðu fús til að mæta á fundi um málið ef þörf er á.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Hjaltason, hdl.

Meðfylgjandi er til gamans sendar myndir af svæði VÍK í Álfsnesi.